

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðureyrarhrepps nr. 226
26. maí 1977, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjald kr. 732.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b. Vatnsgjald kr. 5 873.00 á mánuði fyrir hvern mínútulitra á hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur og hliðstæðir skattar skv. gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

10. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveita Suðureyrarhrepps hefur rétt til að loka aðrennsli að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun bera að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, nr. kr. 1 860.00 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Suðureyrarhrepps staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 15. febrúar 1979 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 8. febrúar 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Jafet S. Ólafsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja
nr. 390, 6. nóvember 1976 með síðari breytingum.

3. gr. orðist þannig:

Fyrir afnot heita vatnsins skal húseigandi greiða samkvæmt magnhemli kr. 4 550.00 fyrir hvern mínútulitra á mánuði. Þar til hemill hefur verið settur upp eða ef hemill bilar, áætla hitaveita vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Verði um sölu á heitu vatni að ræða í öðru formi en að framan greinir, skal verðið ákveðið hlutfallslega.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 15. febrúar 1979 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 8. febrúar 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Jafet S. Ólafsson.